

Skaftárhlaup haustið 2015

Oddur Sigurðsson

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 7–9, 108 Reykjavík, osig@vedur.is


Um mánaðamótin september–október 2015 brast á óvenjustórt jökulhlaup í Skaftá. Kom það úr Skaftárkatli eystri eftir 5 ára hlé. Búist var við því miklu fyrr enda hafa um áratuga skeið aðeins liðið 2–3 ár milli hlaupa undan þessum katli. Mælingar á jökulyfirborðinu í katlinum nokkur ár á undan höfðu ekki sýnt hækkun eins og venja er og vissu menn því að einhverjar breytingar höfðu orðið í katlinum en ekki hvers eðlis þær voru. Stærð hlaupsins kom á óvart vegna þess að hæð ketilsins þegar úr honum hljóp var svipuð og í fyrri hlaupum. Mælingar sýna að sigketillinn sem myndaðist var miklu stærri en áður hafði sést. Skýring á því liggur enn ekki fyrir, en tengist væntanlega breytingum á jarðhitasvæðinu undir jöklinum.

Þann 27. september 2015 byrjaði að renna út úr stöðuvatninu undir katlinum með vaxandi þunga. Með mælingum á hæðarbreytingum á íshellu ketilsins og einnig yfir hlaupfarveginum neðar á jöklinum var hægt að sýna fram á flókið rennslisferli. Neðarlega á jöklinum reyndist þrýstingur hlaupvatnsins meiri en

jökulfargið réði við og sprengdi það sér leið upp á yfirborð þar sem ísstykki á borð við hús lágu eins og hráviði. Einnig voru merki um að vatn hafði gusast upp um svelgi og göt nærri jaðrinum sem líkst hefur risavöxnum sturtuhlaus á hvolfi í upphafi hlaups. Hlaupvatnið byrjaði að streyma undan jökuljaðrinum aðfaranótt 1. október og kom flóðbylgjan niður í byggð síðdegis þann sama dag.

Hlaupið rauf bakka Skaftár víða og spillti mannvirkjum, einkum vegum og undirstöðum brúa svo og ræktar- og beitarnandi. Einnig er talið að fornminjar hafi eyðilagst. Mikill aur barst víða, einkum undir Fögrufjöllum og á Eldhrauni á láglandi þar sem áin leggur stærri og stærri hluta hraunsins undir sig við hvert hlaup. Jökulvatn komst í veiðilæki í Landbroti, einkum Tungulæk sem varð um tíma nánast að jökulfljóti.

Nú velta menn því fyrir sér hvort Skaftárhlaup hafi komist í nýjan ham og hætta sé á að þau verði framvegis stærri en hingað til.



Skyggð landlíkön af Skaftárkatli eystri nokkru eftir hlaupin 2010 og 2015. Myndirnar eru í sama skala og sýna því vel stærðarmun. Landlíkanið frá 21. júlí 2010 (t.v.) var mælt með Lidar. Ólafur Haraldsson hjá Designing Reality ehf. reiknaði 2015 líkanið á grundvelli ljósmynda sem teknar voru úr flugvél þann 10. október. Sigskál ketilsins mældist um 2,5 km breið eftir hlaupið 2015. – *Digital elevation models of the Eastern Skaftár cauldron following the 2010 and 2015 jökulhlaups.*